


Eru skápar á vinnustöðum? Hinsegin fólk og atvinnulífið

Sólveig Rós

SAMTÖKIN





Hvað er hinsegin? LGBT(+) / queer


Regnhlífarhugtak yfir:

- ▶ Kynhneigð
- ▶ Kynvitund
- ▶ Kyneinkenni
- ▶ Kyntjáningu

Fjölbreytileiki kyns
og kynverundar



Hvað er kyn?



Líkamlegt kyn

- ▶ Kyneinkenni
 - ▶ Litningar
 - ▶ xx, xy, xxy...
 - ▶ Kynfæri
 - ▶ Hormónar
 - ▶ Annars stigs kyneinkenni
 - ▶ Koma fram á kynþroskanum



Félagslegt kyn

- ▶ Kyngervi
- ▶ Væntingar til fólks byggt á kyni
 - ▶ Klæðaburður
 - ▶ Litir
 - ▶ Áhugamál
 - ▶ Hegðun
 - ▶ ...
- ▶ Mismunandi milli samfélaga og tímabila



Kyntjáníng

gender expression

Hvernig við tjáum okkar kyn

- ▶ Klæðaburður
- ▶ Hár
- ▶ Fas
- ▶ o.s.frv.

Við lesum fólk út frá kyntjáníngu og ákvörðum hvort þau séu karl eða kona og hvort þau séu innan normsins eða utan




Kynvitund gender identity

Snýst um hvernig við upplifum okkar kyn, hvernig við viljum vera í okkar kyni

- ▶ Er óskylt líkamanum

Ef kynvitund er í samræmi við kyn úthlutað við fæðingu: **sís** (cisgender)

Ef kynvitund er á skjön við kyn úthlutað við fæðingu: **trans** (transgender)



Trans fólk

Trans konur
konur sem fengu karlkyni
úthlutað við fæðingu en upplifa
sig sem konur



Trans karlar:
karlar sem fengu kvenkyni
úthlutað við fæðingu en upplifa
sig sem karla



Einstaklingar utan kynjatvíhyggjunnar

Okkar menning gerir ráð fyrir að kyn byggji á líkamanum og að einungis séu til tveir hópar - karlar og konur

Kynvitund getur verið allskonar

Kynsegin er íslenskun á *non-binary* - utan tvíhyggjunnar

- ▶ Fólki sem upplifir sig ekki einungis karlkyns eða kvenkyns
- ▶ Kynvitund þeirra getur verið föst eða fljótandi



RESTROOM



THIS RESTROOM MAY BE USED BY
ANY PERSON REGARDLESS OF
GENDER IDENTITY OR EXPRESSION

Kyn er líka í tungumálinu

- Hann / hann / honum / hans - hann er svangur
- Hún / hana / henni / hennar - hún er svöng
- Hán / hán / háni / háns - hán er svangt

- Það er mikilvægt að virða hvernig fólk vill láta tala um sig
 - Líka þegar talað er um manneskjuna í fortíð
- Ef þið ruglist þá er best að leiðrétta sig og halda áfram
- Ef þið eruð í vafa um hvernig er gott að vísa til einhvers er best að spyrja:



Hvaða fornöfn notar þú?

Kynleiðréttingarferli

Líkamlegt, félagslegt og lagalegt ferli sem hægt er að ganga í gegnum til að aðlaga líkama og félagslega stöðu að réttu kyni


Trans einstaklingar kjósa eða hafa mismikinn aðgang að þessum atriðum - það sker ekki úr um hvort viðkomandi er „alvöru“ karl eða kona

- Kyntjáning
- Kynjað mál
- Hormónar
- Skurðaðgerðir
- Nafnabreyting
- Breyting á kynskráningu

Kynhneigð

sexual orientation

- ▶ Snýst um hverjum við löðumst að, verðum skotin í, viljum stunda kynlíf með, stofna til sambands með
 - ▶ Getur verið föst eða fljótandi
- ▶ Helstu kynhneigðarhugtök:
 - ▶ **Gagnkynhneigð** heterosexual
 - ▶ **Samkynhneigð** homosexual / gay
 - ▶ **Tvíkynhneigð** bisexual
 - ▶ **Pankynhneigð** pansexual
 - ▶ **Eikynhneigð** asexual / ace
- ▶ Sambönd geta svo verið allskonar



Kyneinkenni

sex characteristics

Þeir hlutar líkamans sem tengjast kyni beint kallast **kyneinkenni**

- ▶ Litningar
- ▶ Hormónar
- ▶ Ytri og innri kyn- og æxlunarfæri
- ▶ Annars stigs kyneinkenni
 - ▶ Fitu- og vöðvadreifing, hárvöxtur, raddhæð, o.s.frv.

Ódæmigerð kyneinkenni – **intersex**

Dæmigerð kyneinkenni – **markkynja**



Intersex breytileiki getur birst við fæðingu, kynþroska eða seinna

Kynjakerfið




Hvað kemur hinseginleiki vinnunni við?


- ▶ Vinnustaðurinn er líka félagslegt umhverfi – mikilvægt að líða vel og fá að vera maður sjálfur
- ▶ Mismunun vegna kyntjáníngar (kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna) þekkist út um allan



Allar stofnanir vinna með eða gegn
ríkjandi kerfi

Ilga-Europe
www.rainbow-europe.org





16. sæti
52%

Af hverju?

- ▶ Á Íslandi vantar heildstæða jafnréttislöggjöf
- ▶ Íþyngjandi löggjöf fyrir trans fólk
- ▶ Enginn lagarammi um intersex fólk

Lög um jafna meðferð á vinnumarkaði

- ▶ Lög þessi gilda um jafna meðferð einstaklinga á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, föttlun, skertri starfsgetu, aldri, **kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu**
- ▶ Gengu í gildi 1. september 2018
 - ▶ *Kynhneigð*: Geta einstaklings til að laðast að eða verða ástfanginn af öðrum einstaklingi.
 - ▶ *Kynvitund*: Upplifun einstaklings af eigin kyni.
 - ▶ *Kyneinkenni*: Litningar, kynkirtlar og líffærafræðileg sérkenni manneskju.
 - ▶ *Kyntjáning*: Dagsdagleg tjáning einstaklings á kynvitund sinni.
- ▶ Jafnréttisstofu falið að fylgja þessu eftir

Litlu hlutirnir

- Trans fólk þarf að ganga með nafnspjald með gamla nafninu
- Eyðublöð með „móðir“ og „faðir“ frekar en „foreldri“
- Kynvitund og kyntjáning trans fólks ekki virt
- Ályktanir um að fólk sé gagnkynhneigt, síð og markkynja
- Óþægilegar og nærgöngular spurningar

Kynjuð rými og aðstaða

- Salernisaðstaða
 - Kynjaskipt?
 - Kynhlutlaus aðstaða?
- Búningsklefar
- Einkennisbúningar



Líðan hinsegin fólks á vinnustað?

- ▶ Rannsókn á upplifun hinsegin starfsfólks Reykjavíkurborgar á gagnkynhneigðarhyggju
- ▶ Flestir viðmælendur voru ánægðir með starfsumhverfi sitt en þó komu nokkur þemu fram:
 - ▶ að koma út úr skápnunum
 - ▶ gerð að málsvara alls hinsegin fólks
 - ▶ fengu óþægilegar athugasemdir
 - ▶ skortur á umræðu eða þöggun

Könnun S78 meðal hinsegin fólks 2014

- Meirihluti hinsegin fólks hefur orðið fyrir leiðinlegum atvikum í tengslum við kynhneigð og kynvitund sína á síðustu þremur árum
- Sjötíu prósent þátttakenda höfðu upplifað fordóma á vinnustöðum sínum
- áttatíu prósent höfðu upplifað atvik utan vinnu, svo sem í skóla, skemmtistöðum og fjölskylduboðum
- tvíkynhneigðir upplifa oftar fordóma en samkynhneigðir



Staðan erlendis

▶ Í Bandaríkjunum:

- ▶ Næstum 10% hinsegin starfsfólk hafa hætt í starfi því þau upplifðu sig ekki velkomin
- ▶ Árið 2014 átti meira en fjórðungur hinsegin fólks erfitt með að setja mat á borðið (2.2 milljónir)
- ▶ Atvinnuleysi trans fólks er þrisvar sinnum hærra en meðaltalið
- ▶ U.þ.b. fjórðungur hinsegin fólks hafa upplifað aðkast og leiðindi í vinnunni

Staðan erlendis

Í Bretlandi:

- ▶ 19% sam- og tvíkynhneigðra höfðu upplifað munnlegar aðfinnslur í vinnunni vegna kynhneigðar sinnar á síðastliðnum 5 árum
- ▶ 13% sam- og tvíkynhneigðs starfsfólks treysti sér ekki til að kvarta yfir hinseginfælnu aðkasti á vinnustað
- ▶ Næstum helmingur trans fólks felur sitt rétta kyn því þau óttast um vinnuna sína
- ▶ 6% trans fólks varð fyrir líkamsárás í vinnunni og meira en 10% fyrir munnlegu aðkasti. Vegna aðkasts fann um fjórðungur trans fólks fyrir þörf til að hætta í vinnunni
- ▶ 20% trans fólks upplifði áreitni á vinnustað. 18% var neitað um vinnu vegna kynvitundar og 16% sóttu ekki um vinnu vegna ótta um áreitni. 7% hættu í vinnu vegna áreitni eða mismununar þó þau hefðu ekki annað starf að fara í


<http://outandequal.org/2017-workplace-equality-fact-sheet/>

<https://www.cbsnews.com/news/bullying-lgbt-employees-workplace-epidemic/>

<https://www.stonewall.org.uk/media/lgbt-facts-and-figures>

<https://www.eurofound.europa.eu/observatories/eurwork/articles/working-conditions-labour-market-law-and-regulation/working-life-experiences-of-lgbt-people-and-initiatives-to-tackle-discrimination>

How comfortable would you feel about having a colleague at work who is: a) gay, lesbian or bisexual (EU28, 2015) or b) transgender or transsexual (EU28, 2015)



Hvað er hægt að gera?

- ▶ Opna umræðuna!
- ▶ Skoða jafnréttis- og mannréttindastefnur
- ▶ Forðast að gera ráð fyrir að fólkið í kringum okkur sé gagnkynhneigt og sískynja
- ▶ Passa sig á nærgöngulum spurningum og á að gera hinsegin fólk ekki að málsvara
- ▶ Athuga eyðublöð (móðir, faðir, o.s.frv.) og kynjuð rými
- ▶ Taka áreiti og “húmor” alvarlega

Halda áfram að fræðast og læra!



Þjónusta Samtakanna 78

- ▶ Ráðgjafabjónusta
- ▶ Hinsegin félagsmiðstöð
- ▶ Stuðningshópur fyrir trans ungmenni
- ▶ Stuðningshópur fyrir foreldri trans barna
- ▶ Félagsstarf
- ▶ Fræðsla
- ▶ Til húsa Suðurgötu 3, 101 Reykjavík
- ▶ Alltaf hægt að hafa samband með spurningar!



Spurningar og umræður



Takk fyrir mig!

Sólveig Rós

solveigros@samtokin78.is





Imaginext 2-in-1 Supernova Battle Rover





Kynjakerfi eru mismunandi milli samfélaga



Hijra í Suður-Asíu

Two spirit hjá sumum frumbyggja þjóðum í Norður-Ameríku

© Samtökin 78 2018



Fimm kyn hjá Bugis fólkinu í Indónesíu

Kynjakerfi eru mismunandi milli tímabila

